

kominn á gluggann upp yfir þér, og er að gretta sig framan í okkur. Gekk það svo nokkrum sinnum, að hún lét þá færa sig til á rúmunum. En jafnan eftir litla stund sáu þeir strákinn á þeim glugganum sem á móti þeim var. Var það hvortveggja að móður þeirra fór að leiðast þessi eltingarleikur, enda ei fritt við, að dálitill geigur kæmi í hana, þar sem hún aldrei sá neitt, þó drengirnir stæðu fastar en fótunum á því, að þeir sæju strákinn á glugganum, þótt hún jafnvel bæri á móti því, að það gæti verið og snupraði þá fyrir þessa vitleysu, fór hún því ofan af loftinu með drengina og út. Sáu þeir þá ekkert til stráksins framar, og aldrei eftir það, þar til þau sluttu að Eiðum. En nú kemur rúsinan í sögunni.

Þegar Jónas slutti að Eiðum frá Ketilsstöðum, fór að búa þar ungur maður, að nafni Jón og var sonur Jóns gamla snikkara á Torfastöðum í Jökulsárhlíð. Var hann þá nýgiftur systur Guðrúnar, konu Sigmundar sýslunefndarmans Jónssonar í Gunnhildargerði í Hróarstungu (nafni konunnar hefi eg gleymt), hjuggu þau þar fáein ár og sluttu svo til Ameríku. Seint um veturinn, áður en þau um voríð fóru vestur, var eg á ferð í Hróarstungunni og gisti í Gunnhildargerði. Sagði Sigmundur mér þá um kveldið, að þau hjónin á Ketilsstöðum hefðu nýsked verið þar með ungum syni sínum á 4. eða 5. ári, að kveðja.

Einhvern tíma um kveldið leiddi eg talið að dulrænum efnum við Sigmund, og sagði hann mér þá að það hefði verið einkennileg saga, sem þau hjón frá Ketilsstöðum hefðu sagt þeim hjónunum, um drenginn þeirra, sem þau voru með sér:

Það hefði verið eitthvert kveld þá um veturinn, þegar búíð var að kveikja og allir voru uppi á baðstofulofti, en stigagatið stóð opið (baðstofan var portbygð), að drengurinn þeirra, sem var að leika sér frammi á baðstofuloftinu kom alt í einu hlaupandi dauðhræddur upp í fangið á móður sinni og sagði henni, að það væri dálitill strákur í stigagatinu, sem hefði ætlað að taka í sig, þegar hann kom nálægt því, og væri að gretta sig og skæla framan í sig. Lýsti hann honum alveg eins og Halldór Jónasson hafði áður lýst honum við móður sína. Sigmundur sagði að síðan þetta kveld hefði drengur Jóns séð þennan strák þráfaldlega á kveldin, þegar búíð var að kveikja, ýmist í stigagatinu, eða í skotum í baðstofunni